

Þann 11. júní 2009 fór fram fundur í nefnd um stofnun framhaldsskóla í Grindavík á skrifstofu Grindavíkurbæjar kl. 17:00

Fundinn sátu Eyjólfur Bragason, Garðar Páll Vignisson og Guðmundur L. Pálsson. Petrína Baldursdóttir boðaði forföll.

Þetta gerðist:

Eyjólfur gerði grein fyrir vinnu nefndar er skipuð var af ráðherra um möguleika um stofnun framhaldsskóla í Grindavík. Nefndinni bar að skila ráðherra tillögur sínar til ráðherra fyrir 1. Júní.

Eyjólfur sagði nefndina hafa hist í þrjú skipti. Fyrsti fundurinn var haldinn í Menntamálaráðuneytinu, þar voru allir nefndarmenn mættir og kynntu fundarmenn sig og málin rædd stuttlega. Á öðrum fundi komu fulltrúar ráðuneytisins í heimsókn til Grindavíkur og skoðuðu aðstæður, auk nefndarmanna sat bæjarstjóri fundinn. Þriðji fundurinn fór fram í Menntamálaráðuneytinu, Garðar boðaði forföll. Þar voru birt drög að skýrslu sem var einhliða unnin af öðrum fulltrúa ráðuneytisins. Eyjólfur kvaðst ekki geta tekið ábyrgð hvorki á vinnulagi nefndarinnar né þessum drögum og tilkynnti að hann myndi skila séráliti. Við það firrtist höfundur sýrslunnar og rauk á dyr. Karl og Eyjólfur sátu í stutta stund áfram og sættust á að Karl gengi á fund ráðherra og myndi óska eftir víðtækari heimild en hann teldi skipunarbréf ráðherra hefði veitt nefndinni.

Eyjólfur kvaðst vera undrandi á vinnubrögðum nefndarinnar. Hún hefði verið skipuð 12. febrúar. Haldið þrjú fundi og engri niðurstöðu skilað. Ljóst hafi verið frá upphafi að fulltrúar ráðuneytisins hafi engan áhuga haft á verkefninu. Eyjólfur kvaðst ítrekað hafa beðið formann nefndrinnar um fundi eða að hann útdeildi verkefnum til nefndranna.

Eyjólfur kvaðst vera í tölvusambandi við ráðherra og hún lofaði að vinna við verkefnið yrði haldið áfram. Hún myndi boða til fundar fljótlega.

Fleira ekki gert.

Eyjólfur Bragason